



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Íbúaráð Laugardals

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### ***Fyrirspurn íbúaráðs Laugardals um lokun á Rauðalæk***

Á fundi íbúaráðs Laugardals þann 14. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn íbúaráðsins:

Óskað er eftir að áhrifin af lokuninni á Rauðalæk fyrir aðrar götur í kringum Rauðalækinn verði skoðaðar. Einnig óskar íbúaráð Laugardals eftir að fá slysgreiningu og greiningu á umferðarflæði tengd lokuninni. Sömuleiðis er upplýsinga óskað um mismunandi sviðsmyndir sem gæti skilað sömu útkomu með tilliti til umferðaröryggis

Var fyrirspurninni vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar sama dag.

Svar:

Forsagan að málinu er sú að umhverfis- og samgönguráð samþykkti að Rauðalæk skyldi lokað til reynslu í tvo mánuði árið 2010. að reynslutímanum liðnum var gerð könnun meðal íbúa í Rauðalæk, Bugðulæg og Brekkulæk um hvort loka ætti götunni varanlega um hana miðja. Tók um þriðjungur íbúa á svæðinu þátt í könnuninni og var niðurstaðan sú að rúmlega tveir þriðju íbúa voru fylgjandi áframhaldandi lokun en þriðjungur var andvígur lokuninni. Var könnunin framkvæmd þannig að bréf voru send í öll hús í fyrrnefndum götum og íbúar hvattir til að svara. Umhverfis- og samgönguráð samþykkti svo á vormánuðum 2011 að loka skyldi götunni.

Í desember 2013 var skrifað minnisblað af yfirverkfræðingi samgöngudeildar Reykjavíkurborgar þar sem lagt var mat á áhrif lokunar Rauðalækjar m.t.t. umferðar. Kemur fram í minnisblaðinu að við lokun Rauðalækjar hafi umferð í eystri hluta götunnar haldist óbreytt en minnkaði í vestari hluta götunnar um tæplega 700 bíla á sólarhring. Áætlað er að þeir sem helst hafi breytt akstursleiðum sínum séu þeir sem búa miðsvæðis á Rauðalæk, við Brekkulæk og á Kleppsvegi ofan við Brekkulæk. Ekki voru til talningar í vestasta hluta Kleppsvegjar en áætla má að minnkun umferðar í vestari hluta Rauðalækjar hafi komið fram í samsvarandi aukningu þar.

Samkvæmt slysakorti Samgöngustofu hafa ekki orðið slys með meiðslum síðan að Rauðalæk var lokað. Nær öll skráð óhöpp eiga sér stað þegar ekið er á kyrrstæðan bíl sem líklega koma til þar sem bifreiðum er lagt báðu megin á veginum. Erfitt er þó að álykta of mikið um áhrif lokunarinnar þar sem slys á þessum stað eru of fá og óregluleg. Eins og komið hefur fram má áætla að umferð á Kleppsvegi milli Laugarnesvegjar og Dalbrautar hafi



aukist. Ekki má þó sjá að mikil aukning slysa hafi átt sér stað. Öll óhöpp á því svæði skv. korti Samgöngustofu eru óhöpp án meiðsla.

Aðrar mögulegar leiðir til að halda ökuhraða í lágmarki á Rauðalæk sem og til að koma í veg fyrir gegnumakstur bifreiða eru t.a.m. að endurgera mætti götuna á þann hátt að hún sé þrengd á köflum, hliðarstæði fjarlægð og fleiri hraðahindranir settar upp. Miðað við slysatíðni og aðstæður í götunni væru slíkar aðgerðir ekki ofarlega í forgangi þar sem margar götur í Reykjavík þurfa á umferðaröryggisaðgerðum að halda sem yrðu ofar í forgangi. Takmarkað fjármagn er til staðar fyrir slíkar aðgerðir og því er nauðsynlegt að forgangsraða með tilliti til umferðaröryggisaðstæðna. Engar áætlanir eru um að breyta fyrirkomulagi umferðar á Rauðalæk.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*samgöngustjóri*